sannfærðir um, að skýrsla verzlunarstjórans og vottorð skipstjórans væri rjett, þó að þjer ekki hefðuð sjeð yður fært að láta tollinn ókrafinn, eins og tollskráin lá fyrir. **65** 30. maí.

Útaf þessu skal jeg, jafnframt því að vísa yður, til leiðbeiningar í samskonar tilfellum eptirleiðis, til brjefs landshöfðingja 11. nóv. 1881, sem prentað er í Stjórnartíðindunum 1881, B. 156, en þar er það tekið fram, að þó að vínfanga þeirra, sem ætluð eru skipverjum, sje vanalega getið sem slíkra á vöruskránni eða tollskránni, þá gjöri þó 2. gr. tilsk. 26. febr. 1872 það eigi að skilyrði fyrir því, að skipsforðinn sje undanþeginn tolli, að hann sje berum orðum talinn í tollskránni — þjónustusamlega geta þess, hvað beiðni þá snertir, er hjer liggur fyrir, að einsog þjer eruð sannfærðir um, að skýrsla verzlunarstjórans og vottorð skipstjóra sje rjett, eins ber tollskráin, sem hingað hefur verið send með tollreikningnum fyrir f. á., það með sjer, að ekkert brennivín hefur samkvæmt henni verið ætlað skipverjum til neyzlu, og verð jeg því að vera því samþykkur, að þjer endurgjaldið verzlunarstjóranum upphæð þá, sem hann hefur greitt í toll af þeim 39 pottum brennivíns, sem að ofan er getið.

Reikningságrip **66**

Thorkillii barnaskólasjóðs árið 1883.

	Tekjur:	kr.	a.
1.	Eptirstöðvar við árslok 1882 (Stjórnartíð. 1883, B 132)	66622	60
2.	Leigur af vaxtafje sjóðsins	2513	69
3.	Borgað af lánum einstakra manna	170	15
4.	Ný skuldabrjef gegn fasteignarveði	500	»
	Tekjur alls	69806	44

	Gjöld:			kr.	a.
1.	Kennslustyrkur og uppeldisstyrkur veittur fátækum börnum í Kjalarnesþingi			2505	»
2.	Lánað út á árinu			500	»
3.	Til jafnaðar móti 3. tekjulið			170	15
4.	Eptirstöðvar við árslok 1883:	kr.	a.		
	a. Ríkisskuldabrjef	29190	»		
	b. Skuldabrjef einstakra manna	37022	66		
	c. Óborgaðir vextir	19	»		
	d. Í peningum	399	63	66631	29
	Gjöld alls:			69806	44

Stiptsyfirvöldin yfir Íslandi, Reykjavík 7. marz 1884.

Magnús Stephensen. *P. Pjetursson.*
settur.

Reikningságrip **67**

landsbókasafnsins í Reykjavík árin 1882 og 1883.

1882.

Tekjur:

		kr.	a.	kr.	a.
1.	Eptirstöðvar frá fyrra ári:				
	a. Konungleg óuppsegjanleg skuldabrjef .	3250	»		
	Flyt:	3250	»		